

Alþingi
Erindi nr. P 143/1272
komudagur 19.3.2014

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. Mars 2014

Umsögn Landssambands veiðifélaga, frumvarp til laga um breytingar á lögum um Fiskræktarsjóð, mál 306 á þingskjali 588.

Landssamband veiðifélaga hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs. Í XII kafla frumvarpsins er ráðgert að breyta lögum um Fiskræktarsjóðs á þann veg að lögboðnar greiðslur veiðifélaga og veiðiréttareigenda af hreinum veiðitekjum renni í ríkissjóð líkt og um skatttekjur ríkisins sé að ræða.

Landssamband veiðifélaga leggst eindregið gegn þessum breytingum. Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og hefur verið svo um áratuga skeið. Verkefni sjóðsins lúta fyrst og fremst að því að auka vermæti veiðihlunninda með stuðningi við uppbyggingu og rannsóknir. Forsenda þess að innheimt sé sérstakt gjald af veiðitekjum með lögum til sjóðsins er að þeir fjármunir renni óskiptir til sjóðsins og þar með þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir.

Landssamband veiðifélaga telur það fráleita ráðagerð að greiðslur sem veiðiréttarhöfum er nú skylt samkvæmt lögum að inna af hendi í Fiskræktarsjóð og nema 2% af hreinum tekjum af veiði verði með lögum gerður að skattstofni ríkisins. Ljóst er að með fyrirhugaðri lagabreytingu er Fiskræktarsjóður sviftur meiri hluta árlegra tekna sem hann nú hefur og er þá undir ákvörðun Alþingis hverju sinni hvaða fjármunir renna til hans af fjárlögum.

Landssambandið vísar til greinargerðar með frumvarpinu þar sem raktar eru ástæður þess að ráðist er í umræddar lagabreytingar. Þar segir meðal annars að æskilegt sé að draga úr hinni víðtæku mörkun ríkistekna sem lengi hefur tíðkast. Með mörkuðum tekjum er átt við lögþvingaðar ríkistekjur sem samkvæmt sérlögum eru sérstaklega eyrnamerkar til þess að standa undir kostnaði við tiltekna málaflokka, verkefni eða stofnanarekstur.

Landssambandið telur að lögboðin greiðsla veiðiréttshafa í Fiskræktarsjóð falli ekki að þeirri skilgreiningu að vera ríkistekjur þótt lögboðnar séu í ljósi þess að Fiskræktarsjóður er skilgreindur í lögum nr. 72/2008 sem sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins. Gildir þá einu þótt hinar lögboðnu greiðslur veiðiréttarhafa séu tilgreindar í fjárlögum.

Landssambandið leggst eindregið gegn því að sett verði ákvæði í lög sem skyldar veiðiréttarhafa til að greiða sérstakt gjald af hreinum tekjum af veiði í ríkissjóð umfram það sem nú er áskilið í lögum nr. 90-2003 um tekju- og eignaskatt enda fæli slík ráðstöfun í sér tvísköttun arðgreiðslna. Verði það niðurstaðan að lögboðnar greiðslur veiðiréttshafa megi ekki afmarka sem sértekjur Fiskræktarsjóðs telur Landssamband veiðifélaga liggja beint við að breyta lögum um sjóðinn og afnema skyldu til að greiða af hreinum tekjum í Fiskræktarsjóð og taka lögin um sjóðinn í framhaldinu til endurskoðunar.

f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigbórsson formaður

